

Leikskólakerfið Karelle

Karelle heitir leikskólakerfið sem notað er til að halda utan um upplýsingar um börnin. Það er mjög auðvelt að nota og foreldrar eru hvattir til að ná sér í appið, búa sér til aðgang og fylgjast með nýjustu upplýsingum frá skólanum. Einnig geta foreldrar þar merkt við barnið sitt ef það er veikt eða í leyfi, þar er hægt að sjá hvernig yngstu börnin sofa og borða og ýmislegt fleira gagnlegt.

Myndir af starfsfólki má finna á heimasíðunni <http://hulduheimar.karelle.is/> Gott er að sýna barninu myndir af starfsfólkinu og spjalla við það um nýja leikskólann. Þegar síðan er alveg komin í gagnið munum við að setja inn myndir og annað skemmtilegt. Við erum með facebook síðu, **Hulduheimar Kot** sem við notum eingöngu til að setja inn tilkynningar. Þetta er lokaður hópur en foreldrar fá boð um að ganga í hópinn þegar barnið byrjar í skólanum.



Skipulag aðlögunar 2022

Dagur 1: Foreldri og barn koma kl: 9.00 og dvelja með barninu til 11.00.


Dagur 2: Foreldri og barn koma kl: 8.00—12.00. SMT foreldrafræðsla í hádegi.

Dagur 3: Foreldri og barn koma kl 8.00—14.00.

Dagur 4: Börnin koma að morgni og kveðja foreldra sína.

Æskilegt er að foreldrar sæki börnin í fyrra lagi fyrstu dagana.

Fatahólfíð ofl.

- *Við höfum ekki töskur í skólanum, þær taka pláss og af þeim getur stafað slysaætta. Allur fatnaður sem gert er ráð fyrir að barnið noti í skólanum fer í hólfið og kassann undir aukaföt.
- * Í fatahólfi barnsins þarf að vera regngalli/snjógalli þykk peysa, hlý húfa, þykkir og þunnir vettlingar, ullarsokkar, stígvél/kuldaskór og inniskór.
- * Kassi fyrir aukafatnað eru fyrir ofan hólf barnsins, í honum þurfa að vera nærbuxur, nærskyrtur, sokkabuxur, buxur, bolir og peysur.
- * **Allur fatnaður þarf að vera rækilega merktur. Skólinn tekur ekki ábyrgð á ómerktum fatnaði.**
- * Bleiur, snuð og „svefnfélagar“ yngstu barnanna eru geymd í merktum hólfum. Snuð þarf að merkja með nafni barnsins. Þegar vantar bleiur er miði settur í hólf barnsins til áminningar.
- * Við leggjum áherslu á umhverfismennt og leggjum okkar að mörkum til vernda umhverfið. Eitt af því er að við saumum poka úr gömlum bolum fyrir blautu og óhreinu fötin. Þess vegna er frábært ef gömlu bolirnir gætu rata til okkar svo börnin geti sjálf tekið þátt í að sauma poka. 
- * Við óskum eftir því að barnið komi með teppi og svæfil að heiman til að nota í slökunarstundum.
- * Ef barnið sefur í vagni, þurfa foreldrar að koma með vagninn daglega þar sem ekki er aðstaða til að geyma vagnana inni.

Skólareglur

- * Við óskum eftir því að börnin séu komin í skólann kl. 9.00 en þá hefjum við verkefni dagsins.
- * Barn sem ætlar að borða morgunmat þarf að mæta ekki síðar en 8.30.
- * Fatahólf á að losa á föstudögum. Allt sem tilheyrir barninu skal tekið heim svo hægt sé að þrifa hólfin. Barn sem er að veikjast á ekki að koma í skólann því þá er smithætta mest. Lyf eru ekki gefin í skólanum nema gegn framvísun læknisvottorðs. Hafi barn mataróþol eða ofnæmi þarf vottorð frá lækni því til staðfestingar.

Við biðjum foreldra að tala ekki í símann í fataherbergi þegar verið er að koma með eða sækja börnin.

Dagskipulag

7:45 - 8:15	Börnin mæta/ frjáls leikur
8:15 – 9:00	Morgunverður/frjáls leikur
9:00 - 11:00	Hugarró – ávaxtastund - útivera
11:00 – 11:15	Samverustund
11:15 – 11:45	Hádegisverður
11:55 – 14:00	Slökun/Svefn
14:05 – 14:20	Samverustund
14:20 – 14:45	Nónhressing
14:45 – 15:15	Frjáls leikur
15:15 – 16:15	Útivera/börnin fara heim

Öryggi barna

- * Vinsamlegast stöðvið alltaf bílvélina fyrir utan skólann.
- * Lokið alltaf hliðinu á eftir ykkur.
- * Munið að læsa alltaf útidyrum þegar þið gangið um þær.
- * Látið alltaf vita, gjarnan í gegnum Karellen, ef barnið er fjarverandi vegna veikinda eða leyfa.
- * Látið deildarstjóra vita ef breytingar verða á grunnupplýsingum um barnið svo sem símanúmer, heimilisfang, netfang og breyttar heimilisaðstæður s.s. ef foreldrar slíta samvistum.
- * Ef einhver annar en foreldri sækir barnið þarf viðkomandi að vera skráður hjá skólanum eða foreldrar þurfa að láta starfsfólk vita hver sækir barnið.
- * Sá aðili sem sækir barnið þarf að hafa náð 12 ára aldri.



**Síminn í Koti er
4627081**

- * **Hulduheimar er lífsleikniskóli.** Í ár eru börnin það ung að ekki er grundvöllur fyrir markvissri vinnu með dygðirnar en orðræðan er starfsfólki töm svo og með því leggjum við góðan grunn hjá börnunum.



- * **Hugarró—núvitund og hugleiðsla í leikskóla** er verkefni sem snýr bæði að starfsmönnum og börnum. Við lítum svo á að börn þurfi aukna ró í sitt daglega líf. Börn eiga að geta lifað í núinu og notið þess. Við viljum stuðla að því með því að gera dagskipulagið einfalt, uppbrotstímar verði sem fæstir og við lærum saman að ná ró í líkama og sál í gegnum öndunar- og jógaæfingar.



- * Agastefna leikskólans byggir á **SMT-skólafærni**, sem vinnur að því að styrkja jákvæða hegðun með markvissum hætti og að skapa gott andrúmsloft í skólum. Námsfnið verður kynnt á sérstökum fundi á haustönn.



Velkomin í Hulduheima-Kot

Einkunnarorð skólans eru:

Velliðan - Við leggjum áherslu á að öllum líði vel hjá okkur, því ef manni líður vel eykur það tækifæri manns til að blómstra og dafna.

Virgni - Við viljum efla börnin í eigin námi og starfi, því börn læra best með því að gera.

Velferð - Við viljum stuðla að velferð barna með því að leggja góðan grunn svo að einstaklingarnir geti notið sín í lýðræðislegu samfélagi í framtíðinni.

Netfang:snjolaug@akureyri.is